



**Skýrsla æskulýðsnefndar
hestamannafélagsins Sóta 2011**

Í æskulýðsnefnd Sóta árið 2011 voru:

Steinunn Guðbjörnsdóttir formaður
Haraldur Aikman
Guðlaug Erla Gunnarsdóttir
Guðleif Nóadóttir
Signý Antonsdóttir

Fundir:

Nefndin hélt um 6 fundi á árinu, en við stefndum á að vera frekar í tölvusambandi heldur en að funda reglulega þar sem nefndin býr í þremur bæjarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Byrjað var á að hittast í lok nóvember og skipuleggja dagskrá vetrarins. Þessi nefnd var alveg ný og fersk og hafði aðeins einn reynslu af setu í æskulýðsnefnd áður. Því var bryddað uppá mörgum nýjungum sem við vonum að hafi fallið vel í kramið. Stefnt var á að hafa eina uppákomu í mánuði og vinna með öðrum félögum á höfuðborgarsvæðinu. Öllum börnum (0-21 árs) var sent bréf í pósti með dagskránni og voru krakkar hvattir til að taka þátt. Í bréfinu fylgdi með endurskinsmerki sem Sjóvá gaf Sóta.

Desember 2010 : Jólaball

Ákveðið var að taka þátt í jólaballi með Sörla og var veglegt jólaball haldið á Sörlastöðum þ. 29. Desember þar sem borð svignuðu undan kræsingum, jólasveinn kom í heimsókn og spilað var undir dansi. 8 börn frá Sóta mættu á svæðið og skemmtu sér vel.



Janúar: Hestanammidagur

12.janúar var krökkum boðið að koma í félagshús Sóta og búa til hestanammi. Uppskriftir fundust á netinu þar sem innihald uppistóð af rúgmjöli, eplum og molassa og því renndu nefndarmenn alveg blint í sjóinn þegar byrjað var að hnoða degið. En allt gekk upp og krakkarnir voru eins og öflugir vinnumenn í súkkulaðiverksmiðju þar sem hundruðir molar voru búnir til af alúð. Krakkarnir tóku molana með sér heim og bökuðu þá þar. Eftir nammigerðina var boðið uppá pizzu og sýningu á hestamyndum frá YouTube þar sem börnin sátu dolfallinn yfir Jennifer Flauvin og hvað hún gat gert með hestana.



Febrúar: Spilakvöld

16. febrúar var haldið spilakvöld í samvinnu við ferða og skemmtinefnd. Ákveðið var að byrja kvöldið á fræðsluerindi og fór Sjöfn Sæmunds yfir reiðtygi félagsmanna og greindi frá hvað betur mætti fara. Var bæði farið yfir beislabúnað og hnakka. Félagshúsið var troðfullt af fólki á öllum aldri og eftir að þátttakendur höfðu gætt sér á kjúklingi og frönskum var boðið uppá

spilamennsku. En undir borðhaldi voru sýnd atriði frá gömlum „Æskan og hesturinn“ sem æskulýðsnefnd hafði tekið saman frá upphafi (var síðan sett á You Tube) Þetta vakti mikla lukku enda margir ansi mikið breyst! Vinsælasta spilið reyndist hins vegar vera Alias, bæði hjá börnum og fullorðnum. Börnin spiluðu á pallinum en fullorðnir á „neðri“ hæðinni. Mikið fjör skapaðist og það var mikið hlegið. Allir fóru heim með bros á vör.



Mars; Bingó-bröns



5.mars bauð æskulýðsnefnd öllum Sótafélögum nær og fjær uppá bingó bröns í hátíðarsal Álftanesskóla í því skini að safna pening fyrir óvissuferð. Spilað var bingó að hefðbundnum hætti (og fengum við aðalbingóstjóra Álftaness til að stjórna herlegheitunum) en í hléi var boðið uppá bröns „a la Halli Aikman í hestaferð“ þ.e.a.s. egg og beikon, amerískar pönnukökur með sírópi ofl ofl. Eftir að allir höfðu spilað nægju sína af bingói, borðað yfir sig, og unnið marga flotta vinninga, var spurningkeppni að hætta Útsvars á milli barna og fullorðinna. Að sjálfsögðu sigruðu

börnin með glæsibrag en spennan var á köflum alveg í hámarki!

Apríl: Óvissuferð

Þar sem smáupphæð safnaðist í Bingóbrönsinum var stefnt í óvissuferð laugardaginn 16. Apríl. Farið var með rútu frá félagshúsinu og var fyrsta stopp dagsins í Hólaborg þar sem börnunum var sýnd sú frábæra aðstaða sem þar er. Mesta athygli vakti nuddbrettið og hringekjan en krakkirnir prófuðu hvort tveggja við mikla hrifingu (og hlaup!). Næst var farið á kajak á Stokkseyri þar sem Sóta krakkar sýndu ótvíræða hæfileika með árarnar. Það voru samt blautir krakkar sem skoðuðu veiðisafnið en mesta hrifingu þar vöktu ljónin og gíraffinn. Eftir þetta var hungrið farið að segja til sín og næsta stopp var því á kaffi Krús þar sem börnin gæddu sér á pizzum. Á heimleiðinni var stoppað í sundlauginni í Hveragerði og allir fengu lítið páskaegg að gjöf. Sannarlega fjörugur dagur!



Maí: Tumi fer á fætur



07. júní sameinuðust aftur æskulýðs- og ferða/skemmtinefnd í sameiginlegum reiðtúr þar sem þemað var hinn íslenski smali. Þátttakendur voru beðnir um að mæta í smalafatnaði og boðið var uppá smala nesti (flatkökur með hangikjöti, kleinur o.þ.h.). Mjög góð þátttaka var í þessari reið, bæði börn og fullorðnir. Farið var í leiki, stígvélakast og fótbolta, riðið um fjörur og móa, áð við íslenskan torfbæ og endan síðan á sundreið yfir Skógtjörn.

Júní: Sjóbusi

05. júní bauð æskulýðsnefnd Sóta krökkum úr Fáki og Sörla í sjóbusi á Álftanesi. Fyrst var riðið út á aðalreiðveg Álftaness, meðfram Bökkunum og út á Seylu þar sem hægt var að hleypa í mjúkri fjörunni. Að loknum reiðtúr var farið í sjósund í fjörunni við félagshúsið undir styrki stjórn Guðmundar og Halla. Þeir sem þorðu út í ætluðu aldrei að vilja koma aftur uppúr! Eftir sundið voru grillaðir hamborgarar við félagshúsið og farið í leiki. Frábær dagur sem verður vonandi endurtekinn árlega.



Október: Keila og uppskeruhátið

Þegar þetta er skrifað er verið að skipuleggja keiluferð og sameiginlega máltíð. Einnig verða veittar viðurkenningar en öll börn munu fá viðurkenningar fyrir „eitthvað“ t.d. efnilegustu knaparnir, þeir sem fóru oftast á hestbak, áttu best þrífnu hestana ofl ofl.

Annað:

Reiðnámskeið innandyra (janúar til mars)

Þar sem enginn reiðhöll er á Álftanesi og ekki hægt að bjóða nokkrum reiðkennara uppá að kenna úti yfir háveturinn var ákveðið (í fyrsta sinn svo vitað sé) uppá reiðnámskeið fyrir Sóta krakka að vetri til.



Tímarnir voru í Guthöllinni á sunnudagsmorgnum kl. 10:30 (eini timinn sem var laus). 11 krakkar skráðu sig og var hópnum skipt í 2 aldurs/getu hópa og mættu þau vikulega í tíma hjá Sjöfn Sæmundsdóttir fram til lok mars. Krakkarnir tóku miklum framförum en kenndar voru teymi-æfingar fyrstu tímana en eftir því sem leið á námskeiðið fóru leikar að æsast og í síðasta tíma var sem kúrekar væru á ferð í höllinni! Lagt var upp með að þetta yrði almennt reiðnámskeið þar sem gleðin væri í fyrirrúmi.

Sameinast var í kerrur frá Álftanesi en það stendur félaginu óneitanlega fyrir þrifum að eiga ekki reiðhöll, sérstaklega í æskulýðsstarfi.

Reiðnámskeið utandyra (apríl og maí)

Í apríl og maí var boðið uppá tvenns konar námskeið. Annars vegar pollanámskeið með Sjöfn Sæmundsdóttir og hins vegar keppnisnámskeið með Sindra Sigurðssyni. Pollanámskeiðið fór að mestu fram í gerðinu og hringgerðinu á meðan keppnisnámskeið fór eingöngu fram á vellinum (einn nemandi í einu) Mjög mikil ánægja var með bæði námskeiðin og voru tekin viðtöl og upptaka af öllum þátttakendum (á keppnisnámskeiði) þar sem hver og einn fékk senda upptöku af sjálfum sér.



Knapamerki

Þrír Sótakrakkar tóku þátt í knapamerkjánámskeiði hjá Sörla og luku þau 3.stigi með miklum sóma. Berglind Birta Jónsdóttir, Ólafía María Aikman og Tómas Guðmundsson. Foreldrar þurftu að keyra börnin til Hafnarfjarðar 2svar í viku í vetur (auk annarra námskeiða). Æskulýðsnefnd styrkti hvern nemanda um 15.000. – kr. Öll önnur námskeið voru niðurgreidd um helming.

Almennt reiðnámskeið fyrir íbúa Álftaness



Í samvinnu við Íshesta var boðið uppá vikunámskeið fyrir krakka sem búa á Álftanesi í júní. Boðið var uppá ferðir til og frá Álftanesi. Að loknu námskeiði fengu allir þátttakendur verðlaunapening frá Sóta þar sem krakkarnir voru boðnir velkomnir í félagið. Formaður æsn afhenti verðlaunapeninga með viðhöfn og fóru krakkarnir stoltir heim. (notaðir voru verðlaunapeningar frá árinu sem höfðu ekki gengið út og voru þeir merktir uppá nýtt –

endurvinnsla í hávegum!)

Landsmót (aldrei gengið eins vel yngri deildum hjá Sóta)

5 keppendur í yngri flokkum fóru á LM fyrir hönd Sóta og skemmst er frá því að segja að aldrei hefur orðið eins góður árangur. Í barna- og unglingaflokki voru allir keppendur um miðju eftir forkeppni og þar af komst Alexandra Ýr Kolbeins (unglingaflokki) upp í milliriðla en það hefur aldrei gerst áður í sögu Sóta. Við vorum svo heppin að formaður mótanefndar útvegaði öllum yngri flokkum hjá Sóta flottan, merktan æfingagalla frá Henson.



Hestadagar

Sóti tók veglegan þátt í hestadögum sem haldnir voru í lok mars/byrjun apríl. Við vorum t.d. með opið hús fyrir íbúa sveitarfélagsins þar sem margir af æsku sveitarfélagsins mættu og fengu teymingu.



Í húsdýragarðinum tóku bæði pollar og börn þátt í atriðum. Sóti var með sér atriði með pollum og voru einnig með Sörla í atriði fyrir 10-12 ára börn.

Fjáröflun (það sem við náðum ekki að gera í vetur en var á dagskrá)

Við höfðum ákveðið að vera með fjáröflun í byrjun maí með því að selja hrossaskít til íbúa Álfтанess. Stefnt var á að moka skít í kerrur og banka uppá hjá fólki og bjóða skít í garðinn. Einnig ætluðum við að selja klósettpappír í sömu ferð! En því miður náðist það ekki en þetta er góð hugmynd fyrir önnur félög!



Að lokum:

Starfið hefur verið mjög öflugt og skemmtilegt og komu nokkrir nýjir krakkar í hópinn sem þarf að hlúa að. Krökkunum hefur farið mikið fram í reiðmennsku og gaman er að sjá hvað þau eru samheldin. Hverfið iðar oft af lífi þar sem krakkarnir eru í leikjum á meðan fullorðna fólkið ríður út. Það er sannkallaður ungmennafélagsandi í Sóta!

F.h. æskulýðsnefndar

Steinunn Guðbjörnsdóttir
Formaður